

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/26/09

frá 24. mars 2004

um tímabundna setningu tiltekens fræs af tegundunum *Vicia faba* og *Glycine max* á markað sem, eftir því sem við á, uppfyllir ekki kröfur tilskipana ráðsins 66/401/EBE eða 2002/57/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 884)

(2004/287/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 17. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs⁽²⁾, einkum 1. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í Frakklandi er ekki fyrir hendi nægilegt magn hestabaunafræs (*Vicia faba*) og sojabaunafræs (*Glycine max*) sem henta veðurskilyrðum þar og fullnægja kröfum um spírunarhæfni samkvæmt tilskipun 66/401/EBE eða tilskipun 2002/57/EB og þar af leiðandi er ekki hægt að fullnægja þörfum þessa aðildarríkis.
- 2) Ekki er unnt að anna eftirspurn eftir fræi þessara tegunda svo vel sé með fræi frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, sem fullnægir öllum kröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/401/EBE eða tilskipun 2002/57/EB.
- 3) Því ber að veita Frakklandi heimild til að setja fræ þessara tegunda á markað með vægari skilyrðum fram til 30. apríl 2004.
- 4) Auk þess ber að heimila öðrum aðildarríkjum, sem eru í aðstöðu til að útvega Frakklandi fræ þessarar tegundar, að leyfa setningu slíks fræs á markað án tillits til þess hvort fræinu er safnað í aðildarríki eða þriðja landi sem fellur undir ákvörðun ráðsins 2003/17/EB frá 16. desember 2002 um jafngildi skoðana sem fara fram í þriðju löndum á ökrum til fræræktar og jafngildi fræs sem er framleitt í þriðju löndum⁽³⁾.
- 5) Rétt er að Frakkland sé samræmingaraðili til þess að tryggja að heildarmagn fræs, sem leyft er samkvæmt þessari ákvörðun, fari ekki yfir það hámarks magn sem fellur undir þessa ákvörðun.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Setning hestabaunafræs (*Vicia faba*), sem fullnægir ekki kröfum um lágmarksspírunarhæfni sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/401/EBE, á markað í Bandalaginu skal leyfð á tímabili sem lýkur 30. apríl 2004 í samræmi við skilmálana sem eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun og með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) spírunarhæfnin skal vera a.m.k. eins og sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun,
- b) á opinbera merkimiðanum skal tilgreina þá spírunarhæfni sem staðfest er í opinberri athugun sem fer fram skv. d-lið í C-hluta 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/401/EBE,
- c) fræið skal í fyrsta sinn hafa verið sett á markað í samræmi við 3. gr. þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Setning sojabaunafræs (*Glycine max*), sem fullnægir ekki kröfum um lágmarksspírunarhæfni sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/57/EB, á markað í Bandalaginu skal leyfð á tímabili sem lýkur 30. apríl 2004 í samræmi við skilmálana sem eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun og með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) spírunarhæfnin skal vera a.m.k. eins og sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun,
- b) á opinbera merkimiðanum skal tilgreina þá spírunarhæfni sem staðfest er í opinberri athugun sem fer fram skv. f- og g-lið í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/57/EB,
- c) fræið skal í fyrsta sinn hafa verið sett á markað í samræmi við 3. gr. þessarar ákvörðunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 91, 30.3.2004, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2004, 24. september 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 12, 10.3.2005, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB (Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 10. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2003/403/EB (Stjtið. ESB L 141 7.6.2003, bls. 23).

3. gr.

Allir fræbirgjar, sem óska eftir því að setja á markað fræ sem um getur í 1. og 2. gr., skulu sækja um leyfi til þess hjá aðildarríkinu þar sem þeir hafa staðfestu eða stunda innflutning.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal heimila fræbirginum að setja fræið á markað nema:

- fyrir hendi séu nægar vísbendingar til að efast um að fræbirgirinn geti sett á markað það magn af fræi sem hann hefur sótt um leyfi fyrir eða
- heildarmagnið, sem er leyft að setja á markað samkvæmt viðkomandi undanþágu, fari yfir það hámarks-magn sem er tilgreint í viðaukanum.

4. gr.

Aðildarríkin skulu veita hvert öðru stjórnsýsluáðstoð við beitingu þessarar ákvörðunar.

Frakkland skal vera samræmingaraðildarríki að því er varðar 1. og 2. gr. til þess að tryggja að leyfilegt heildamagn fari ekki yfir hámarksmagnið sem er tilgreint í viðaukanum.

Öll aðildarríki, sem taka við umsókn skv. 3. gr., skulu þegar í stað tilkynna samræmingaraðildarríkinu um það magn sem umsóknin tekur til. Samræmingaraðildarríkið skal þegar í stað upplýsa tilkynningarríkið um hvort leyfisveiting leiðir hugsanlega til þess að farið verði yfir hámarksmagnið.

5. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn af fræi sem þau hafa veitt markaðsleyfi fyrir samkvæmt þessari ákvörðun.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tegund	Tegund yrkis	Hámarksmagn (tonn)	Lágmarksspírunarhæfni (% af hreinu fræi)
<i>Glycine mace</i>	(þroskaflokkur: fremur seinsprottið) Dekabig, Zen, Sapporo, Fukui, Safrana, Nikko, Celior, Giulietta, Paoki	2 500	75
	(þroskaflokkur: fremur seinsprottið til seinsprottið) Imari, Mariana	700	
<i>Vicia faba</i>	Divine, Gloria, Maya, Melodie, Victoria	3 980	80